

Sþ. 19. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um að leggja niður starfsemi Jarðborana ríkisins.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að leggja megi niður starfsemi Jarðborana ríkisins.

G re i n a r g e r ð .

Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuháttar, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti.